

STARFSREGLUR

Manneldisráðs Íslands.

1. KAFLI

Verkefni og skyldur Manneldisráðs Íslands.

1. gr.

Manneldisráð annast framkvæmd manneldis- og neyslustefnu stjórnvalda í samvinnu við heilbrigðisráðuneyti og aðra hlutaðeigandi.

2. gr.

Manneldisráð er ráðgjafi stjórnvalda, skóla, heilbrigðisstofnana og annarra opinberra stofnana í manneldismálum.

3. gr.

Manneldisráð fylgist með þróun manneldismála í landinu og aflar upplýsinga um mataræði þjóðarinnar með reglubundnum könnunum á mataræði og næringu. Manneldisráð leggur fyrir Alþingi skýrslu um ástand manneldismála á Íslandi annað hvert ár.

4. gr.

Manneldisráð stjórnar rannsóknnum á næringu og heilsu í samvinnu við vísindastofnanir.

5. gr.

Manneldisráð annast fræðslu í manneldismálum fyrir almenning og sérfræðinga á vegum heilbrigðisráðuneytis, heldur fræðslufundi og sér um útgáfu fræðslurita í því skyni.

6. gr.

Manneldisráð ákveður ráðlagða dagskammta nauðsynlegra næringarefna.

II. KAFLI

Skipulag og stjórnun.

7. gr.

Manneldisráð heldur reglubundna fundi, þar sem ákvarðanir eru teknar varðandi helstu framkvæmdir á vegum ráðsins.

8. gr.

Manneldisráð heldur skrifstofu með starfsmanni og ræður framkvæmdastjóra, sem stjórnar verkefnum ráðsins.

9. gr.

Manneldisráð getur sett á stofn vinnuhópa, sem annast sérstök verkefni á vegum ráðsins.

10. gr.

Manneldisráð fylgist með þróun mannelðismála með kaupum á tímaritum og bókum og sendir fulltrúa á fundi og ráðstefnur um mannelðismál í samráði við heilbrigðisráðuneytið.

11. gr.

Manneldisráð gerir fyrir hvert almanaksár áætlun um kostnað við starfsemi sína og skal ráðinu tryggt nægilegt fé af fjárlögum til starfsemi sinnar.

12. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með stoð í 6. gr. laga nr. 45 11. maí 1978 um mannelðisráð öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. apríl 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

REGLUGERÐ

um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál.

I. KAFLI SJÚKRASKRÁR. Skilgreiningar.

1. gr.

Sjúkraskrá (heilsufarsskrá, sbr. 64. gr. reglugerðar nr. 160/1982 fyrir heilsugæslustöðvar, sjúkraáll skv. 7. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga) er safn sjúkragagna sem unnin eru eða fengin annars staðar frá vegna meðferðar einstaklinga hjá lækni eða í heilbrigðisstofnun.

Sjúkragögn í sjúkraskrá geta verið lýsing eða túlkun í rituðu máli, myndir, þ.m.t. röntgenmyndir, línurit eða upptaka sem numin hefur verið með hjálp tæknibúnaðar. Gögnin innihalda upplýsingar um heilsufar og aðra einkahagi viðkomandi einstaklinga og tímasettar upplýsingar um það sem gerist eða gert er meðan einstaklingurinn er í meðferð hjá lækni eða í heilbrigðisstofnun.

Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða lækni sem hana færir.

Skylda til færslu sjúkraskrár.

2. gr.

Allir læknar sem taka einstaklinga til greiningar og meðferðar skulu halda sjúkraskrá um hvern einstakling. Í heilsugæslustöð og öðrum sjúkrastofnunum ber yfirlæknir ábyrgð á að svo sé gert.